

Stóru málin

Skjal þetta er niðurstaða vinnu milliþinganefndar um lagamál (laganefnd) sem Skátaþing 2014 fól að fara yfir lög BÍS og lagafrumvarp stjórnar BÍS.

Nefndin samþykkti að leggja til það vinnulag við afgreiðslu þessa máls á Skátaþingi 2015 að í byrjun þings verði greidd atkvæði um „Stóru málin“ þ.e. þau atriði sem nefndinni sýndist að mestur ágreiningur gæti verið um og í framhaldinu myndi nefndin vinna endanlega tillögu að lögum BÍS sem síðan fengi umfjöllun og afgreiðslu síðar á þinginu. Stóru málin eru þrjú:

- 1. Aðild að BÍS**
- 2. Grunnlög + lög eða ein lög**
- 3. Stjórn og ráð BÍS – fjöldi, verkefni, kosningar**

Skjalið er sett upp í þrjá (eða fjóra) dálka. Í fyrsta dálki eru gildandi lagagreinar sem tillögur laganefndar hafa áhrif á. Í öðrum dálki eru tillögur stjórnar BÍS eða laganefndar og í þeim aftasta eru skýringar.

1. Aðild að BÍS

Hér stendur valið á milli tveggja leiða:

___ Núgildandi lög BÍS

___ Breytt aðildarform (tillögur laganeftar)

Skýring:

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir tveimur gerðum aðildar að BÍS. Annars vegar full aðild skátafélaga sem hafa það meginhlutverk að standa fyrir reglubundnu skátastarfi fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-22 ára og hins vegar aukaaðild sem er fyrir skátahópa og aðra hópa fólks sem vilja vinna að framgangi skátahugsjónarinnar.

Tillögur laganeftar ganga út á að fjölga aðildargerðunum í fjórar og skilgreina hvaða réttindi og skyldur fylgja hverri gerð aðildar.

Í núgildandi lögum BÍS er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

2. grein

Bandalag íslenskra skáta er bandalag skátafélaga á Íslandi, aðild einstakra skáta að BÍS byggist á aðild þeirra að skátafélagi sem er aðili að BÍS. Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalög og starfa undir kjörorðinu „Ávallt viðbúinn“. Sama á við um hópa og samtök sem starfa í nafni skáta. Aukaaðild að BÍS geta fengið hópar sem vilja vinna að framgangi skátastarfs á Íslandi. Allir geta gerst styrktaraðilar BÍS.

Í tillögum laganeftar er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

2. grein

Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalög og starfa undir kjörorðinu „Ávallt viðbúinn“.

Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

Aðild A Skátafélög með starf fyrir - og félagi á aldrinum 7-22 ára.

Aðild B Skátafélög sem stuðla að skátastarfi, með félagi sem flestir eru eldri en 23ja ára.

Aðild C Félög skáta sem vilja halda tengslum við BÍS með félagi sem flestir eru eldri en 23ja ára.

Aðild D Skátar með beina aðild að BÍS.

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild:	A	B	C	D
Þjónusta BÍS:	forg	já	ef unnt er	
Þátt.rétt viðb:	forg	já	ef unnt er	
Atkv. á Skátap.	4	1	0	0
Félagsgj til BÍS	já	já	nei	já

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunnildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

Skýringar:

Í núgildandi lögum eru í raun einungis tvö form aðildar að BÍS, annars vegar full aðild hefðbundinna skátafélaga og hins vegar aukaaðild fyrir önnur skátafélög og skátahópa. Einungis skátafélög með fulla aðild hafa atkvæði á Skátapingi.

Í tillögu laganeftar er lagt til að í boði verði 4 mismunandi tegundir aðildar.

Aðild A fyrir hefðbundin skátafélög

Aðild B fyrir formlega skátahópa (með kennitölu)

Aðild C fyrir óformlega skátahópa (ekki með kennitölu)

Aðild D fyrir einstaklinga

Nánari skilgreining á réttindum og skyldum hvernar aðildargerðar er að finna í 2. grein og í 10. grein þessarar tillögu.

Til þess að koma upplýsingum um réttindi og skyldur fyrir í mjóum dálki er notaður stytur texti. Textann í heild sinni má finna í skjalinu þar sem löggin eru án skýringa.

Í nágildandi lögum BÍŠ er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

11. grein

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyfingarinnar, Baden-Powell, setti skátastafrí í skátaheiti og skátalögum. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍŠ, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra. Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir reglubundnu skátastafrí fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-22 ára, sem starfa að jafnaði í aldursskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna.

Öll skátafélög eiga jafnan rétt til þeirrar þjónustu sem BÍŠ getur látið í té.

Í tillögum laganevndar er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

7. grein

Stjórn BÍŠ skal aðstoða og leiðbeina þeim sem stofna vilja nýtt skátafélag, eða endurvekja gamalt, svo sem kostur er.

Stofnun skátafélags, nafn þess, lög og merki, er háð samþykki stjórnar BÍŠ, enda séu lög hins nýja félags í samræmi við Grunnild, lög og reglugerðir BÍŠ og landslög.

Innganga skátafélags í BÍŠ skal formlega samþykkt á Skátaþingi og öðlast hún gildi í lok þess þings.

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir Grunnildum BÍŠ og þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyfingarinnar, Baden-Powell, setti skátastafrí og alþjóðasamtök skáta hafa staðfest. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍŠ, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra.

Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir og/eða stýðja við reglubundið skátastafrí fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-22 ára, sem starfa að jafnaði í aldursskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna.

Skýringar:

Greinin er samsett úr greinum 11 og 13 í nágildandi lögum með lítilsháttar orðalagsbreytingum. Þó er rétt að taka fram að síðasta málsgrein greinarinnar mun taka mið af niðurstöðu Skátaþings varðandi uppbyggingu aðildar að BÍŠ. Sömuleiðis eru Grunnildi BÍŠ nefnd í 4. málsgrein, en Skátaþing á eftir að taka afstöðu til þeirra.

Tilvísunin í þjónustu BÍŠ við skátafélög er felld út enda er gert ráð fyrir að aðildin breytist í A B, C og D aðild með mismunandi þjónustustig.

Í nágildandi lögum BÍŠ er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

19. grein

Skátahópar og hópar fólks sem vilja vinna að framgangi skátahugsjónarinnar og starfa eftir þeim meginreglum sem Baden-Powell setti skátastarfi í skátaheiti og skátalögum, geta sótt um aukaaðild að Bandalagi íslenskra skáta. Ekki eru gerðar sömu formkröfur til starfsemi slíkra hópa og gerðar eru til skátafélaga. Einu kröfur BÍŠ eru þær að félagatal og upplýsingar um tengilið berist skrifstofu fyrir 15. mars ár hvert. Skátahópar sem hafa aukaaðild að BÍŠ eiga rétt á þeirri þjónustu sem BÍŠ getur látið í té, þó þannig að það skerði ekki þjónustu BÍŠ við skátafélög með fulla aðild. Félagar þeirra hópa sem hafa aukaaðild að BÍŠ eiga seturétt á Skátapíngi með málfrelsi og tillögurétti, en án atkvæðisréttar.

Í tillögum laganeftndar er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

19. grein

Rétt til setu á Skátapíngi eiga:

A) Með atkvæðisrétti:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera lögráða.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátapíngi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátapíngi, nema um lagabreytingu sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétti:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍŠ
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍŠ.
- Allir starfandi skátar (með aðild C og D)
- Stjórn BÍŠ er heimilt að bjóða gestum til Skátapíngs.

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátapíngi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þínginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátapíngs.

Skýringar:

Gert er ráð fyrir að félagsaðild A veiti 4 atkvæði á Skátapíngi og félagsaðild B veiti 1 atkvæði á Skátapíngi. Til þess að tryggja að BÍŠ verði áfram æskulýðssamtök með megináherslu á starf fyrir skáta á aldrinum 7-22 ára er lagt til að fari atkvæðamagn félaga með aðild A niður fyrir 51% þá falli niður atkvæði félaga með aðild B.

Í nágildandi lögum BÍŠ er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

24. grein

Rétt til setu á Skátapíngi eiga:

A) Með atkvæðisrétti:

- Fulltrúar skátafélaga fara með 4 atkvæði þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað.

Í tillögum laganeftndar er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:

Skýringar:

Grein 24 er felld inni grein 19 í tillögum laganeftndar.

2. Grunnlög og lög eða ein lög

Hér stendur valið milli þess að hafa lög BÍF óbreytt hvað varðar grunnildi (t.d skátalög, heit og kjörorð) eða setja þessi atriði í sérstakan lagabálk:

___ Núgildandi lög BÍF

___ Grunnildi BÍF í sérstökum báلكi tengdum lögum BÍF (tillaga laganeftndar)

Skýring:

Núverandi uppbygging laga BÍF er með þeim hætti að í lögum má finna bæði lýsingu á grunnildum skátastarfs og einnig tilgangi og markmiðum með rekstri BÍF ásamt praktískum atriðum sem varða þann rekstur.

Tillagan gerir ráð fyrir að slíta í sundur þá þætti laganna sem snúa að grunnildum skátastarfsins annars vegar og þeim þáttum sem snúa að tilgangi og rekstrarþáttum BÍF hins vegar, með því að setja grunnildin í sérstakan lagabáلك sem hlotið hefur heitið Grunnildi BÍF og vísað er til í sérstakri grein laga BÍF. Lög BÍF snúist þá eingöngu um tilgang og markmið rekstrar BÍF ásamt praktískum atriðum sem varða þann rekstur. Jafnframt er gerð tillaga um að aukinn meirihluta atkvæða á tveimur Skátapingum þurfi til að breyta Grunnildum skátastarfs, sjá tillögu um 30. grein.

Þær greinar núgildandi laga BÍF sem sem færast yfir í Grunnildi BÍF eru:	Í staðinn kemur ný grein sem er númer 4 í tillögum laganeftndar og fjallar um Grunnildi BÍF.	Skýringar:
4. grein Íslenska skátaheitið er svohljóðandi: Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess: að gera skyldu mína við guð og ættjörðina, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.	4. grein Grunngildi Bandalags íslenskra skáta mynda sameiginlega grundvöll skátastarfs á Íslandi og skilgreina þannig sérstöðu þess. Þau eru sá grunnur sem Bandalag íslenskra skáta og öll viðurkennd skátafélög á Íslandi starfa eftir. Grunnildi BÍF eru samþykkt af Skátapingi.	Í núgildandi lögum BÍF er fjallað um grunnildi skátastarfs án þess að það sé kallað því nafni. Í tillögum laganeftndar er lagt til að þessir þættir laganna verði teknir út úr lögum BÍF og settir í sérstakan lagabáلك sem kallaður er Grunnildi BÍF og samþykktur er á Skátapingi. Með þessu móti snúast lög BÍF eingöngu um uppbyggingu og rekstur BÍF sem landssamtaka en þau grunnildi sem skátastarfið byggir á eru komin í sérstakan lagabáلك sem ekki verður breytt nema með auknum meirihluta á tveimur Skátapingum. Er það til þess að tryggja sérstaklega vandaða umræðu áður en slíkum atriðum er breytt.
Þær greinar núgildandi laga BÍF sem sem færast yfir í Grunnildi BÍF eru:	Í staðinn kemur ný grein sem er númer 4 í tillögum laganeftndar og fjallar um Grunnildi BÍF.	Skýringar:
5. grein Íslensku skátalögin eru svohljóðandi: 1. Skáti er hjálpsamur 2. Skáti er glaðvæur 3. Skáti er traustur 4. Skáti er náttúruvinur 5. Skáti er tillitssamur 6. Skáti er heiðarlegur 7. Skáti er samvinnufús 8. Skáti er nýttinn 9. Skáti er réttssýnn 10. Skáti er sjálfstæður	[Fellur út úr lögum BÍF og fer í Grunnildi BÍF]	

<p>Í nágildandi lögum BÍS er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:</p>	<p>Í tillögum laganevndar er fjallað um aðild í eftirfarandi greinum:</p>	<p>Skýringar:</p>
<p>6. grein Markmið skátastarfs er að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.</p> <p>Því markmiði hyggst BÍS m.a. ná með:</p> <ul style="list-style-type: none"> •Hópvinnu til að þroska tillitssemi, samstarfshæfileika, ábyrgð, stjórnunarhæfileika og lýðræðisvitund •Útilífi til að efla líkamsþrek og vekja áhuga á náttúrunni og löngun til að vernda hana. •Viðfangsefnum af ýmsu tagi til að kenna skátum ýmis nytsöm störf, sjálfum þeim og öðrum til heilla. •Þátttöku í alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar til að gefa skátum tækifæri til að kynnast ungu fólki öðrum löndum, háttum þess og menningu. 	<p>[Fellur út úr lögum BÍS og fer í Grunnildi BÍS]</p>	
<p>Þær greinar nágildandi laga BÍS sem sem færast yfir í Grunnildi BÍS eru:</p>	<p>Í staðinn kemur ný grein sem er númer 4 í tillögum laganevndar og fjallar um Grunnildi BÍS.</p>	<p>Skýringar:</p>
<p>35. grein Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar greiddra atkvæða á Skátáþingi samþykki þá breytingu.</p>	<p>30. grein Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar greiddra atkvæða á Skátáþingi samþykki þá breytingu. Auk þess þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tveggja Skátáþing til að breyta Grunnildum BÍS.</p>	<p>Greinin er samhljóða 35. grein nágildandi laga. Til viðbótar kemur ákvæði um að aukinn meirihluta tveggja þinga þurfi til að breyta Grunnildum BÍS.</p> <p>Skátáþing hefur ekki tekið afstöðu til Grunnilda BÍS og því getur þessi grein tekið breytingum.</p>

 **Hér er tillaga laganevndar að lagabálkinum Grunnildi Bandalags íslenskra Skáta, sem lagt er til að Skátáþing samþykki:**

Grunngildi Bandalags íslenskra skáta

Inngangur

Grunngildi Bandalags íslenskra skáta eru af þrennum toga:

1. Samfélagsleg gildi sem tengjast hlutverki skátahreyfingarinnar:
 - a. Skátahreyfingin er alþjóðleg uppeldis- og friðarhreyfing sem stuðlar að menntun ungs fólks með sjálfsnámi.
 - b. Skátahreyfingin er opin öllum og óháð stjórnálagssamtökum.
2. Siðferðileg gildi sem finna má í:
 - a. skátaheiti og
 - b. skátalögum.
3. Aðferðafræðileg gildi sem fólgin eru í Skátaaðferðinni og byggja á:
 - a. Stigvaxandi sjálfsnámi.
 - b. Kerfi innbyrðis tengdra lykilorða.

Grunngildi Bandalags íslenskra skáta mynda sameiginlega grundvöll skátastarfs og skilgreina þannig sérstöðu þess. Lög Bandalags íslenskra skáta byggja ávallt á grunngildum samtakanna.

Samfélagsleg grunngildi skátahreyfingarinnar

Markmið skátahreyfingarinnar.

Skátahreyfingin er alþjóðleg uppeldis- og friðarhreyfing. Markmið hennar er að leggja sem mest af mörkum við uppeldi ungs fólks til þess að skapa betri heim þar sem fólk öðlast lífsfyllingu sem sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Þetta er gert með því að:

- Virkja ungt fólk á þroskaskeiði þeirra með óformlegu uppeldis- og menntakerfi.
- Beita sérstökum aðferðum sem gera hvern einstakling virkasta áhrifavaldinn í eigin þroskaferli.
- Hjálpa ungu fólki að byggja upp eigið gildakerfi sem grundað er á siðferðilegum lífsgildum, félagslegu réttlæti og persónulegri staðfestu í anda skátalaga og skátaheitis.

Skátahreyfingin er æskulýðshreyfing með stuðningi og þátttöku fullorðinna. Gefa þarf skátum á öllum aldursstigum tækifæri til taka þátt í ákvarðanatöku sem hefur áhrif á skátastarfið. Með aldrinum eykst ábyrgð þeirra á ákvarðanatöku og framkvæmd verkefna.

Skátahreyfingin er opin öllum

Skátahreyfingin er opin fyrir alla sem fylgja markmiðum hennar, grunngildum og Skátaaðferðinni, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis, kynhneigðar eða annarra ástæðna. Lokaákvörðunin um að taka þátt eða ekki er í höndum hvers og eins. Skátahreyfingin er ekki hreyfing fyrir útvalda. Hins vegar er ljóst að skátahreyfingin getur aðeins tekið á móti einstaklingum með miklar sérþarfir þegar aðstæður og mannaflí eru fullnægjandi til að mæta þörfum þeirra.

Skátahreyfingin er óháð stjórnmálasamtökum

Skátahreyfingin er frjáls og óbundin stjórnmálaflokkum. Það er þó ekkert sem hamlar henni að taka afstöðu í tilteknum málefnum að því tilskildu að afstaðan sé í samræmi við grunngildin.

Þegar einstaklingar koma fram í nafni skátahreyfingarinnar mega þeir ekki tengja sig stjórnmálaflokkum. Ekkert kemur í veg fyrir að félagar í skátahreyfingunni starfi á sama tíma með stjórnmálaflokki, ef það er gert í eigin nafni en ekki skátahreyfingarinnar.

Siðferðileg grunngildi skátahreyfingarinnar

Siðferðileg gildi skátahreyfingarinnar er að finna í skátaheitinu og skátalögum. Fyrirmynd þeirra er í samþykktum alþjóðahreyfinga skáta. Orðalag er þó mismunandi eftir löndum, menningarheimum og tungumálum.

Skátaheitið

Skátaheitið er loforð sem skátinn gefur sjálfum sér, eins konar persónuleg áskorun um að gera sitt besta. Þegar skátinn vinnur skátaheitið er hann að taka fyrsta meðvitaða skrefið á sjálfsnámsbrautinni til að verða sjálfstæður, virkur og ábyrgur samfélagsþegn. Íslenska skátaheitið hljóðar svo:

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að gera skyldu mína við guð og ættjörðina, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.

Siðferðileg gildi í skátaheitinu eru oft flokkuð á eftirfarandi hátt:

- „Skyldan við guð“ – tengsl einstaklingsins við leitina að lífsgildum sem eru ofar honum sjálfum.
- „Skyldan við aðra“ – tengsl einstaklingsins við samfélagið og ábyrgð hans innan þess.
- „Skyldan við sjálfan sig“ – ábyrgð einstaklingsins á að þroska hæfileika sína eins og mögulegt er.

Skátalögin

Siðferðileg gildi skátahreyfingarinnar eru sett fram á skipulegan hátt í skátalögum. Skátalögin eru þó miklu meira en bara skipulagskerfi hugmynda. Þau eru í raun hegðunarmynstur sem ungt fólk getur valið að fylgja og nota til að móta stefnu sína í lífinu. Til þess að vera sjálfum sér samkvæmur þarf hver einstaklingur að hugsa og haga sér í samræmi við eigin gildi.

Íslensku skátalögin eru svohljóðandi:

- Skáti er hjálpsamur
- Skáti er glaðvær
- Skáti er traustur
- Skáti er náttúruvinur
- Skáti er tillitssamur
- Skáti er heiðarlegur
- Skáti er samvinnufús
- Skáti er nýttinn
- Skáti er réttsýnn
- Skáti er sjálfstæður

Kjörorð skáta

Kjörorð skáta er: Ávallt viðbúinn.

Kjörorð skáta felur það í sér að skátinn sé alltaf andlega og líkamlega tilbúinn að gera skyldu sína.

Aðferðafræðileg grunngildi skátahreyfingarinnar

Skátaaðferðin – stigvaxandi sjálfsmenntun

Skátastarf byggir á hugmyndinni um sjálfsnám sem er stigvaxandi í takt við aldur og þroska.

Í skátastarfi fá börn og ungmenni tækifæri til að vinna að sínum markmiðum með því að takast á við skemmtileg verkefni og lifa sig inn í ævintýri. Aðalatriðið er að skátarnir sjálfir taki virkan þátt í að velja, undirbúa, framkvæma og ígrunda verkefni í samræmi við aldur og þroska – að sjálfsgöðu undir leiðsögn hinna fullorðnu.

Lykilþættir Skátaaðferðarinnar

Til viðbótar við stuðning fullorðinna byggist Skátaaðferðin á sex lykilþáttum sem tengjast innbyrðis:

- Skátalögin, skátaheitið og kjörorð skáta
- Flokkakerfið
- Táknað umgjörð
- Útilíf og umhverfisvernd
- Leikir og reynslunám
- Hjálpsami og samfélagsþátttaka

Hver einstakur lykilþáttur hefur sjálfstætt uppeldis- og menntunargildi og hver þáttur fyrir sig eykur áhrif hinna. Allir lykilþættirnir þurfa að vinna saman til þess að kerfið virki.

Niðurlag

Grunngildi Bandalags íslenskra skáta eru byggð á The Constitutions and By-laws beggja heimsbandalaga skáta – WAGGGS og WOSM. Grunnildum Bandalags íslenskra skáta voru samþykkt á Skátáþingi 2015. Þau eru sá grunnur sem Bandalag íslenskra skáta og öll skátafélög á Íslandi starfa eftir. Grunnildum Bandalags íslenskra skáta er einungis hægt að breyta með auknum meirihluta greiddra atkvæða á tveimur Skátáþingum.

3. Stjórn, ráð og nefndir

Hér stendur valið á milli þess að breyta lögum BÍs skv. tillögum stjórnar frá 2014 hvað varðar samsetningu stjórnarinnar, hvernig hún er kosin o.fl. og hins vegar gera litlar sem engar breytingar þar á:

___ Tillaga skv. lagafrumvarpi stjórnar BÍs 2014

___ Núgildandi lög, með minniháttar breytingum (tillaga laganeftndar)

Breytingar í lagafrumvarpi stjórnar BÍs 2014:

- 9 manna stjórn, allir kosnir í einu til tveggja ára í senn.
- 4-8 meðlimir í fastaráðum, auk formanns, 2 kosnir af Skátáþingi og 2-6 skipaðir af stjórn.
- Bætt er við tveimur nýjum ráðum, félagsmálaráði og sjálfbóðaliðaráði.

Tillögur þessar koma fram í 26., 28., 29., 30., 31., og 33. grein lagafrumvarps stjórnar BÍs frá árinu 2014.

Tillaga laganeftndar nú:

- Að mestu óbreytt frá núgildandi lögum.
- 8 manna stjórn, 2-3 kosnir árlega til 3ja ára í senn.
- 4ra manna fastaráð, auk formanns, allir kosnir árlega af Skátáþingi.
- Bætt er við nýju ráði, félagsmálaráði, undir forystu aðstoðarskátahöfðingja.
- Tillögur þessar koma fram í 18., 20., 21., 22., 23. og 25. grein tillagna laganeftndar 2015.

Núgildandi lög BÍs:

23. grein

Á vegum BÍs skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátáþingi. Tveir skulu kosnir annað hvert ár en þrír hitt árið, til tveggja ára. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 23. grein, 25. grein, 27. grein, 30. grein, 31. grein og 33. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir sem hæfustum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍs. Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 21 degi (3 vikum) fyrir Skátáþing. Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátáþings.

Stjórn BÍs skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 56 dögum (8 vikum) fyrir Skátáþing.

Lagafrumvarp stjórnar BÍs 2014

26. grein

Á vegum BÍs skal ætíð starfa sérstök fjögurra manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátáþingi. Fulltrúar í uppstillingarnefnd skulu kosnir til tveggja ára á því þingi sem kosningar eru. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 26. grein, 28. grein, 29. grein, 33. grein, 34. grein og 36. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir sem hæfustum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍs. Framboð til áðurnefndra embætta skal tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 21 degi (3 vikum) fyrir viðkomandi Skátáþing. Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátáþings.

Stjórn BÍs skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi en 15. janúar fyrir viðkomandi Skátáþing.

Tillaga laganeftndar nú

18. grein

Á vegum BÍs skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátáþingi. Tveir skulu kosnir annað hvert ár en þrír hitt árið, til tveggja ára. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 18. grein, 20. grein, 21. grein, 25. grein, 26. grein og 28. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir sem hæfustum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍs. Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátáþing. Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátáþings.

Stjórn BÍs skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 8 vikum fyrir Skátáþing.

Skýringar:

Hér er eina breytingin í tillögu laganeftndar sú að númer þeirra greina sem vísað er til í greininni breytast.

Tillaga laganeftndar stjórnar BÍs 2014 gerir ráð fyrir fækkun nefndarmanna í uppstillingarnefnd úr 5 í 4 auk þess sem númerum þeirra lagagreina sem vísað er til er breytt.

Núgildandi lög BÍS:

25. grein

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátaþings og niðurröðun dagskrárliða.

Í upphafi Skátaþings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings. Einnig skal kosið í 3 manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Ef ágreiningur er innan þingnefndar við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefndar endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátaþings.
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir.
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta kynnt, rædd og afgreidd.
- Tillaga að árgjaldi skátafélaga til BÍS kynnt, rædd og afgreidd.
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun.
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar.
 - Kosning uppstillingarnefndar samkvæmt 23. grein.
 - Kosning stjórnar samkvæmt 27. grein.
 - Kosning fastaráða samkvæmt 30. grein.
 - Kosning löggilts endurskoðanda samkvæmt 31. grein.

Lagafrumvarp stjórnar BÍS 2014

28. grein

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátaþings og niðurröðun dagskrárliða.

Í upphafi Skátaþings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings. Einnig skal kosið í þriggja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og fimm manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Ef ágreiningur er innan þingnefndar við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefndar endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni. Kosningar fara þó einungis fram á öðru hvoru þingi (sbr. 30., 33., 34. og 36. greinar).

- Setning Skátaþings.
- Inntaka nýrra skátafélaga.
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta síða almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir.
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta kynnt, rædd og afgreidd.
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd.
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun.
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar.
 - Kosning uppstillingarnefndar samkvæmt 26. grein.
 - Kosning stjórnar samkvæmt 29. grein.
 - Kosning fagráða samkvæmt 33. grein.

Tillaga laganefndar nú

20. grein

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátaþings og niðurröðun dagskrárliða.

Í upphafi Skátaþings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings. Einnig skal kosið í þriggja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og fimm manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Ef ágreiningur er innan þingnefndar við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefndar endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátaþings.
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir.
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir tvö ár, yfirstandandi ár og það næsta kynnt, rædd og afgreidd.
- Tillaga að árgjaldi skátafélaga til BÍS kynnt, rædd og afgreidd.
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun.
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar.
 - Kosning uppstillingarnefndar samkvæmt 18. grein.
 - Kosning stjórnar samkvæmt 21. grein.
 - Kosning fastaráða samkvæmt 25. grein.
 - Kosning löggilts endurskoðanda samkvæmt 26. grein.
 - Kosning félagslegs skoðunarmanns samkvæmt 26. grein.

Skýringar:


Tillaga laganefndar er óbreytt lagagrein núgildandi laga nema að númer lagagreina sem vísað er í er breytt og tölustöfum breytt í bókstafi.

Tillaga lagafrumvarps stjórnar BÍS 2014 er óbreytt lagagrein núgildandi laga að öðru leiti en því að bætt er inn ákvæði um að kosningar fari einungis fram á öðru hvoru þingi.

- Kosning félagslegs skoðunarmanns samkvæmt 31. grein.
- Kosning í Skátarétt samkvæmt 33. grein.
- Kosning eins fulltrúa í Úlfjótssvatnsráð
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál.
- Þingslit.

- Kosning löggilts endurskoðanda samkvæmt 34. grein.
- Kosning félagslegs skoðunarmanns samkvæmt 34. grein.
- Kosning í Skátarétt samkvæmt 36. grein.
- Kosning eins fulltrúa í Úlfjótssvatnsráð.
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kynningar frá skátafélögum og skátum.
- Önnur mál.
- Þingslit.

- Kosning í Skátarétt samkvæmt 28. grein.
- Kosning eins fulltrúa í Úlfjótssvatnsráð
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál.
- Þingslit.



Núgildandi lög BÍS:

Lagafrumvarp stjórnar BÍS 2014

Tillaga laganefndar nú

Skýringar:

26. grein
Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS milli Skátapinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð átta skátum, skátahöfðingja, aðstoðarskátahöfðingja, gjaldkera og formönnum fastaráða BÍS. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði skátahöfðingja.

Fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

29. grein
Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS milli Skátapinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð níu lögráða skátum, skátahöfðingja, aðstoðarskátahöfðingja, leiðtogum alþjóðamála, dagskrármála, fjármála, fræðslumála, upplýsingamála, sjálfboðastarfs og ungmennastarfs BÍS. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði skátahöfðingja.

Fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

21. grein
Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS milli Skátapinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð átta skátum, skátahöfðingja, aðstoðarskátahöfðingja, gjaldkera og formönnum fastaráða BÍS. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði skátahöfðingja.

Fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

Tillaga laganefndar er óbreytt grein núgildandi laga.

Tillaga lagafrumvarps stjórnar BÍS er óbreytt grein núgildandi laga að öðru leiti en því að stjórnarmönnum er fjölgað úr átta í níu og við bætist upptalning á starfsheitum stjórnarmanna. Þá er starfsheitum stjórnarmanna er breytt úr formönnum í leiðtoga.

Núgildandi lög BÍS:

27. grein

Skátaþing kýs stjórnarmenn til þriggja ára í senn að undanskildum formanni ungmennaráðs sem kosinn er til eins árs. Formaður ungmennaráðs skal hafa náð 18 ára aldri en ekki vera eldri en 25 ára.

Árleg kosning í stjórn á Skátaþingi skal vera sem hér segir:

- Skátahöfðingi og gjaldkeri skulu kjörnir sama árið.
- Aðstoðarskátahöfðingi og formaður upplýsingaráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formenn alþjóðaráðs, dagskráráðs og fræðsluráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formaður ungmennaráðs skal kosinn árlega.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og formanns alþjóðaráðs skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en þrjú kjörtímabil í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátaþingi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

Lagafrumvarp stjórnar BÍS 2014

30. grein

Skátaþing kýs annað hvort ár stjórn BÍS til tveggja ára.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar. Frambjóðendur til embættis leiðtoga ungmennastarfs skulu ekki vera eldri en 23 ára á kjördag.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og leiðtoga alþjóðamála skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en fjögur kjörtímabil í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátaþingi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

Tillaga laganefndar nú

22. grein

Skátaþing kýs stjórnarmenn til þriggja ára í senn. Formaður ungmennaráðs skal ekki vera eldri en 25 ára á því ári þegar kosning fer fram.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar.

Árleg kosning í stjórn á Skátaþingi skal vera sem hér segir:

- Skátahöfðingi og gjaldkeri skulu kjörnir sama árið.
- Aðstoðarskátahöfðingi og formenn ungmennaráðs og upplýsingaráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formenn alþjóðaráðs, dagskráráðs og fræðsluráðs skulu kjörnir sama árið.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og formanns alþjóðaráðs skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en þrjú kjörtímabil í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátaþingi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

Skýringar:

Í núgildandi lögum er stjórn BÍS skipuð 8 mönnum sem kosnir eru til þriggja ára í senn á þriggja ára tímabili. Undantekning frá þessari reglu er formaður ungmennaráðs sem kosinn er árlega til eins árs í senn. Stjórnarmönnum til ráðgjafar eru síðan fastaráð BÍS sem skipuð eru 4 mönnum auk formanns, stjórnarmanns, og eru þessir 4 kosnir árlega til eins árs í senn.

Í lagafrumvarpi stjórnar BÍS sem lagt var fyrir Skátaþing 2014 er gerð tillaga um breytingar á kosningafyrirkomulagi og kjörtímabili. Lagt er til að öll stjórnin sé kosin í einu til tveggja ára í senn og einnig að einungis tveir fulltrúar í fastaráðum séu kosnir af Skátaþingi til tveggja ára en aðrir, 2-6 í hvert ráð, verði skipaðir af stjórn.

Laganefnd leggur til að fyrirkomulagi núgildandi laga verði haldið óbreyttu með þeirri undantekningu að formaður ungmennaráðs verði kosinn til þriggja ára eins og aðrir stjórnarmenn.

Núgildandi lög BÍS:

27. grein

Skátaþing kýs stjórnarmenn til þriggja ára í senn að undanskildum formanni ungmennaráðs sem kosinn er til eins árs. Formaður ungmennaráðs skal hafa náð 18 ára aldri en ekki vera eldri en 25 ára.

Árleg kosning í stjórn á Skátaþingi skal vera sem hér segir:

- Skátahöfðingi og gjaldkeri skulu kjörnir sama árið.
- Aðstoðarskátahöfðingi og formaður upplýsingaráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formenn alþjóðaráðs, dagskráráðs og fræðsluráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formaður ungmennaráðs skal kosinn árlega.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og formanns alþjóðaráðs skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en þrjú kjörtímabil í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátaþingi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

Lagafrumvarp stjórnar BÍS 2014

30. grein

Skátaþing kýs annað hvort ár stjórn BÍS til tveggja ára.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar. Frambjóðendur til embættis leiðtoga ungmennastarfs skulu ekki vera eldri en 23 ára á kjördag.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og leiðtoga alþjóðamála skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en fjögur kjörtímabil í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátaþingi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

Tillaga laganefndar nú

22. grein

Skátaþing kýs stjórnarmenn til þriggja ára í senn. Formaður ungmennaráðs skal ekki vera eldri en 25 ára á því ári þegar kosning fer fram.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar.

Árleg kosning í stjórn á Skátaþingi skal vera sem hér segir:

- Skátahöfðingi og gjaldkeri skulu kjörnir sama árið.
- Aðstoðarskátahöfðingi og formenn ungmennaráðs og upplýsingaráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formenn alþjóðaráðs, dagskráráðs og fræðsluráðs skulu kjörnir sama árið.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og formanns alþjóðaráðs skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en þrjú kjörtímabil í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátaþingi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

Skýringar:

Í núgildandi lögum er stjórn BÍS skipuð 8 mönnum sem kosnir eru til þriggja ára í senn á þriggja ára tímabili. Undantekning frá þessari reglu er formaður ungmennaráðs sem kosinn er árlega til eins árs í senn. Stjórnarmönnum til ráðgjafar eru síðan fastaráð BÍS sem skipuð eru 4 mönnum auk formanns, stjórnarmanns, og eru þessir 4 kosnir árlega til eins árs í senn.

Í lagafrumvarpi stjórnar BÍS sem lagt var fyrir Skátaþing 2014 er gerð tillaga um breytingar á kosningafyrirkomulagi og kjörtímabili. Lagt er til að öll stjórnin sé kosin í einu til tveggja ára í senn og einnig að einungis tveir fulltrúar í fastaráðum séu kosnir af Skátaþingi til tveggja ára en aðrir, 2-6 í hvert ráð, verði skipaðir af stjórn.

Laganefnd leggur til að fyrirkomulagi núgildandi laga verði haldið óbreyttu með þeirri undantekningu að formaður ungmennaráðs verði kosinn til þriggja ára eins og aðrir stjórnarmenn.

Núgildandi lög BÍS:

28. grein

Starfssvið stjórnarmanna er sem hér segir :

- Skátahöfðingi er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu. Skátahöfðingi deilir verkefnum með stjórninni að því leyti sem það er ekki gert í lögum þessum. Hann stjórnar fundum stjórnar BÍS og skipar félagsfóringja, að undangenginni kosningu á aðalfundum viðkomandi félaga. Í samskiptum við erlend samtök skáta teljast skátahöfðingjarnir tveir, skátahöfðingi stúlkna og skátahöfðingi drengja, og skipta skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi eða formaður alþjóðaráðs þessum verkefnum milli sín eftir því sem við á.

- Aðstoðarskátahöfðingi er staðgengill skátahöfðingja og honum til aðstoðar. Aðstoðarskátahöfðingi ber m.a. ábyrgð á tengslum stjórnarinnar við skátafélögin í landinu, á fundargerðum stjórnar BÍS og Skátapíngja, skráningu skátafélaga, félagaskrá BÍS og samantekt á félagatali BÍS.

- Gjaldkeri er formaður fjármálaráðs og ber m.a. ábyrgð á fjármálum BÍS og vinnur náið með framkvæmdastjóra hreyfingarinnar að stjórn þeirra, framkvæmd fjáraflana, vinnslu bókhalds, áætlanagerðar o.þ.h.

- Formaður alþjóðaráðs ber m.a. ábyrgð á samskiptum við alþjóðasamtök skáta, WOSM og WAGGGS, erlend skátabandalög og kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

- Formaður dagskráráðs, ber m.a. ábyrgð á allri skátadagskrá BÍS, hefur umsjón með útgáfu og endurskoðun verkefna og annarra gagna er varða skátastarf, sem og framkvæmd sameiginlegra viðburða á vegum BÍS.

- Formaður fræðsluráðs, ber m.a. ábyrgð á fræðslustarfi BÍS, þ.m.t. gerð námskrár og framkvæmd námskeiða.

- Formaður upplýsingaráðs ber m.a. ábyrgð á samskiptum stjórnar BÍS við skáta, foreldra, almenning, önnur félagasamtök og opinbera aðila, sem og umsjón með útbreiðslu skátastarfs á landinu og almennatengslum.

Lagafrumvarp stjórnar BÍS 2014

31. grein

Stjórn BÍS ber sameiginlega ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við landslög, lög og grunngildi BÍS og alþjóðasamtaka skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiri háttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.

Starfssvið stjórnarmanna er sem hér segir:

- Skátahöfðingi er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu. Skátahöfðingi deilir verkefnum með stjórninni að því leyti sem það er ekki gert í lögum þessum. Hann stjórnar fundum stjórnar BÍS og skipar félagsfóringja, að undangenginni kosningu á aðalfundum viðkomandi félaga. Í samskiptum við erlend samtök skáta teljast skátahöfðingjarnir tveir, skátahöfðingi stúlkna og skátahöfðingi drengja, og skipta skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi eða leiðtogi alþjóðamála þessum verkefnum milli sín eftir því sem við á.

- Aðstoðarskátahöfðingi er staðgengill skátahöfðingja. Aðstoðarskátahöfðingi ber m.a. ábyrgð á tengslum stjórnarinnar við skátafélögin í landinu og þjónustu við félagsstjórnir, s.s. varðandi stefnumótun, samskipti við opinbera aðila og almennan rekstur skátafélaga. Einnig ber hann ábyrgð á fundargerðum stjórnar BÍS, Skátapíngja og félagatali BÍS. Aðstoðarskátahöfðingi er jafnframt formaður félagsmálaráðs BÍS.

- Leiðtogi alþjóðamála ber m.a. ábyrgð á formlegum samskiptum við alþjóðasamtök skáta, (WOSM og WAGGGS) kynningu á stefnu og stefnumótun þeirra og viðburðum og nýjungum í starfi. Hann annast formleg samskipti við erlend skátabandalög og kynningu á erlendu skátastarfi og viðburðum á Íslandi. Einnig ber hann ábyrgð á kynningu á íslensku skátastarfi og viðburðum erlendis. Leiðtogi alþjóðamála er jafnframt formaður alþjóðaráðs BÍS.

Tillaga laganefndar nú

23. grein

Starfssvið stjórnarmanna er sem hér segir :

- Skátahöfðingi er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu. Skátahöfðingi deilir verkefnum með stjórninni að því leyti sem það er ekki gert í lögum þessum. Hann stjórnar fundum stjórnar BÍS og skipar félagsfóringja, að undangenginni kosningu á aðalfundum viðkomandi félags. Í samskiptum við erlend samtök skáta teljast skátahöfðingjarnir tveir, skátahöfðingi stúlkna og skátahöfðingi drengja, og skipta skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi eða formaður alþjóðaráðs þessum verkefnum milli sín eftir því sem við á.

- Aðstoðarskátahöfðingi er staðgengill skátahöfðingja og formaður félagsmálaráðs. Aðstoðarskátahöfðingi ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á tengslum stjórnarinnar við skátafélögin í landinu og þjónustu við félagsstjórnir, s.s. varðandi stefnumótun, samskipti við opinbera aðila og almennan rekstur skátafélaga. Einnig ber hann ábyrgð á fundargerðum stjórnar BÍS og Skátapíngja og félagatali BÍS.

- Gjaldkeri er formaður fjármálaráðs og ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á fjármálum BÍS og vinnur náið með framkvæmdastjóra hreyfingarinnar að stjórn þeirra, framkvæmd fjáraflana, vinnslu bókhalds, áætlanagerð o.þ.h.

- Formaður alþjóðaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á samskiptum við alþjóðasamtök skáta, WOSM og WAGGGS, erlend skátabandalög og kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

- Formaður dagskráráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á allri skátadagskrá BÍS, hefur umsjón með útgáfu og endurskoðun verkefna og annarra gagna er varða skátastarf, sem og framkvæmd sameiginlegra viðburða á vegum BÍS.

- Formaður fræðsluráðs, ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á fræðslustarfi BÍS, þ.m.t. gerð námskráa og framkvæmd námskeiða.

- Formaður ungmennaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á starfi ungmennaráðs og þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur.

Skýringar:

Laganefnd leggur til að þessi grein verði nánast óbreytt frá núgildandi lögum.

Meginbreytingin er sú að skv. tillögu laganefndar ber stjórnarmaður ábyrgð á sínu starfssviði ásamt ráðinu sem hann veitir forystu.

Einnig eru í tillögu nefndarinnar gerðar örlitlar breytingar á starfssviðum aðstoðarskátahöfðingja og formanna ungmennaráðs og upplýsingaráðs.

Í lagafrumvarpi stjórnar BÍS 2014 eru gerðar ýmsar breytingar á texta 28. greinar núgildandi laga. Helstar eru þær að fjölgað er um einn stjórnarmann, leiðtoga sjálfboðastarfs og einnig er starfslýsingum einstakra stjórnarmanna (og þar með fastaráða) breytt, mis mikið.

- Formaður ungmennaráðs ber m.a. ábyrgð á starfi ungmennaráðs og þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur.

Sameiginlega ber stjórn BÍS, ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við skátaheitið, skátalögin, landslög, lög og grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.

- Leiðtogi dagskrármála ber m.a. ábyrgð á að starfsgrunnur og dagskrárviðburðir BÍS fylgi grunnildum BÍS og alþjóðahreyfinga skáta. Jafnframt hefur hann umsjón með þróun og endurskoðun verkefna og stoðefnis er varðar skátastarf, sem og framkvæmd sameiginlegra dagskrárviðburða fyrir 7-22 ára skáta. Leiðtogi dagskrármála er jafnframt formaður dagskráráðs BÍS.
- Leiðtogi fjármála ber m.a. ábyrgð á fjármálum BÍS og vinnur náið með framkvæmdastjóra hreyfingarinnar að stjórn þeirra, framkvæmd fjáraflana, vinnslu bókhalds, áætlanagerðar o.þ.h. Leiðtogi fjármála er jafnframt formaður fjármálaráðs BÍS.
- Leiðtogi fræðslumála ber m.a. ábyrgð á fræðslumálum sjálfboðaliðastarfs BÍS, þ.m.t. gerð námskrár og framkvæmd námskeiða fyrir sjálfboðaliða hreyfingarinnar. Leiðtogi fræðslumála er jafnframt formaður fræðsluráðs BÍS.
- Leiðtogi sjálfboðastarfs ber m.a. ábyrgð á að starf og starfsumhverfi fullorðinna sjálfboðaliða í skátastarfi stuðli að markmiðum og grunnildum skátahreyfingarinnar en sé jafnframt eftirsóknarvert, áhugavert, aðgengilegt, hvetjandi og gefandi jafnt hreyfingunni og viðkomandi sjálfboðaliða. Leiðtogi sjálfboðaliðastarfs er jafnframt formaður sjálfboðaliðaráðs BÍS.
- Leiðtogi ungmennastarfs ber m.a. ábyrgð á að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkari þátttöku ungmenna að stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs. Leiðtogi ungmennastarfs er jafnframt formaður ungmennaráðs BÍS.
- Leiðtogi upplýsingamála ber m.a. ábyrgð á útbreiðslumálum og almannatengslum skátahreyfingarinnar við skáta, foreldra, almenning, önnur félagasamtök og opinbera aðila, þar með talið samræmingu á útgáfu, ímyndar-, kynningar-, upplýsinga- og markaðsmálum BÍS. Leiðtogi upplýsingamála er jafnframt formaður upplýsingaráðs BÍS.

Formaður ungmennaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

- Formaður upplýsingaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á samskiptum, útbreiðslu skátastarfs og almannatengslum BÍS við skáta, foreldra, almenning, önnur félagasamtök og opinbera aðila.

Sameiginlega ber stjórn BÍS, ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við landslög, Grunnildi BÍS, lög og reglugerðir Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.

Núgildandi lög BÍS:

30. grein

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt sex fastaráð: alþjóðaráð, dagskráráð, fjármálaráð, fræðsluráð, upplýsingaráð og ungmennaráð, sem skulu vera viðkomandi stjórnarmanni til ráðgjafar og aðstoðar. Skátaþing kys árlega fjóra einstaklinga í hvert fastaráð til eins árs. Meðlimir sem bjóða sig fram í ungmennaráð þurfa að vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram. Stjórnarmenn BÍS eru formenn ráðanna og eru ábyrgir fyrir starfi þeirra og eru tengiliðir við stjórn BÍS.

Lagafrumvarp stjórnar BÍS 2014

33. grein

Fagrát BÍS eru átta: alþjóðaráð, dagskráráð, félagsmálaráð, fjármálaráð, fræðsluráð, sjálfboðaliðaráð, ungmennaráð og upplýsingaráð. Þau skulu vera stjórn og viðkomandi stjórnarmönnum til ráðgjafar og aðstoðar. Stjórnarmenn BÍS eru formenn ráðanna og eru ábyrgir fyrir starfi þeirra og tengiliðir við stjórn BÍS.

Í hverju fagrátí skulu starfa fjórir til átta einstaklingar auk formanns. Skátaþing kys annað hvort ár tvo einstaklinga í hvert fagrátí til tveggja ára, aðrir fulltrúar í fagrátí skulu skipaðir af stjórn BÍS samkvæmt tillögu formanns að undangenginni auglýsingu í vefmiðlum BÍS. Hverfi ráðsmaður frá störfum á kjörtímabilinu skipar stjórn BÍS í hans stað þar til næst á að kjósa í embættið. Kjörgengi hafa allir skátar. Fulltrúar í ungmennaráði skulu þó vera yngri en 23 ára.

Tillaga laganefndar nú

25. grein

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt sjö fastaráð: alþjóðaráð, dagskráráð, félagsmálaráð, fjármálaráð, fræðsluráð, ungmennaráð og upplýsingaráð. Skátaþing kys árlega fjóra einstaklinga í hvert fastaráð til eins árs. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð þurfa að vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram. Stjórnarmenn BÍS eru formenn ráðanna og tengiliðir þeirra við stjórn BÍS.

Skýringar:

Laganefnd leggur til að stofnað verði eitt fastaráð til viðbótar þeim sem nú starfa, félagsmálaráð og að aðstoðarskátahöfðingi sé formaður þess. Þá er tekið út ákvæði um að stjórnarmenn séu ábyrgir fyrir starfi ráðanna.

Í lagafrumvarpi stjórnar BÍS 2014 eru gerðar margvíslegar breytingar á 30 grein núgildandi laga. Þær eru helstar þær að ráðunum er fjölgað um tvö, félagsmálaráð og sjálfboðaliðaráð og einnig er gert ráð fyrir að einungis tveir fulltrúar í hverju ráði verði kosnir á Skátaþingi til tveggja ára, en að stjórn BÍS skipi síðan aðra fulltrúa í ráðin.